

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á svína-, kinda-, geita- og alifuglakjöti.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra tollkvótum skv. viðauka III A við tollalög nr. 88/2005 með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, vörumagn og verð- og magn-toll:

	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
Tollskrárn.:	Svínakjöt - vöruliðir 0203 og 0210:		64.000		
	Svínakjöt, fryst:				
0203.2100	Skrokkar og hálfir skrokkar Læri, bógur og sneiðar úr því, með beini	01.07.13 - 30.06.14		0	235
0203.2201	Læri og lærissneiðar	01.07.13 - 30.06.14		0	470
0203.2209	Bógar og bógbitar Með beini:	01.07.13 - 30.06.14		0	470
0203.29xx	Svínakjöt, fryst Af svinum fryst	01.07.13 - 30.06.14		0	724
0206.4100	Lifur	01.07.13 - 30.06.14		0	77
0206.4900	Annað	01.07.13 - 30.06.14		0	193
0209.1000	Af svinum - svínafita	01.07.13 - 30.06.14		0	67
	<i>Svínakjöt, saltað, þurrkað eða reyk:</i>				
0210.1100	Læri, bógur og sneiðar úr því, með beini	01.07.13 - 30.06.14		0	382
0210.1200	Slög og sneiðar af þeim, beinlaust	01.07.13 - 30.06.14		0	518
0210.1901	Reykt - beinlaust	01.07.13 - 30.06.14		0	588
0210.1902	Annað	01.07.13 - 30.06.14		0	588
0210.1909	Annars - beinlaust	01.07.13 - 30.06.14		0	588
Tollskrárn.:	Kinda eða geitakjöt - vöruliðir 0204 og 0210:		345.000		
0204.3000	Lambaskrokkar, heilir eða hálfir - frystir	01.07.13 - 30.06.14		0	194
0204.4xxx	Kindakjöt, fryst	01.07.13 - 30.06.14		0	666
0204.5000	Geitakjöt Annað fryst:	01.07.13 - 30.06.14		0	194
0206.9100	Svið (sviðahausar)	01.07.13 - 30.06.14		0	107
0206.9009	Annars	01.07.13 - 30.06.14		0	306
	<i>Kindakjöt, saltað, þurrkað eða reyk.</i>				
0210.9921	Beinlaust	01.07.13 - 30.06.14		0	433
0210.9929	Annars	01.07.13 - 30.06.14		0	433
0210.9931	Beinlaust	01.07.13 - 30.06.14		0	638
0210.9939	Annars	01.07.13 - 30.06.14		0	638
	Kjöt af alifuglum - vöruliður 0207:		59.000		
Tollskrárn.:	Af hænsnum af tegundinni Gallus domesticus:				
0207.1xxx	Af hænsnum, fryst	01.07.13 - 30.06.14		0	266

Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
<i>Af kalkúnum:</i>				
0207.2xxx	Af kalkúnum, fryst	01.07.13 - 30.06.14	0	365
<i>Af öndum, gæsnum eða perluhænsnum:</i>				
0207.4xxx	Af öndum, fryst	01.07.13 - 30.06.14	0	365
0207.5xxx	Af gæsnum, fryst	01.07.13 - 30.06.14	0	365
0207.6xxx	Af perluhænsnum, fryst	01.07.13 - 30.06.14	0	365

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað samkvæmt auglýsingu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins þar sem vísað er til skilmála reglugerðar þessarar.

4. gr.

Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur hverju sinni, skal leita tilboða í tollkvóta vegna viðkomandi vöruliðar. Tilboð skulu ráða úthlutun. Til þess að tilboð teljist gilt skal því fylgja ábyrgðaryfirlýsing banka, sparisjóðs eða váttryggingafélags þar sem fram kemur að viðkomandi ábyrgðarveitandi tryggi að tilboðsgjafi geti staðið við tilboð sitt.

Tilboðsgjafi sá er hæst býður skal leysa til sín úthlutaðan tollkvóta með greiðslu andvirðis hans innan sjö daga frá dagsetningu tilkynningar um niðurstöðu útboðs.

Úthlutun skv. 1. og 2. mgr. er ekki framseljanleg.

5. gr.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar nr. 448/2012 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

6. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti laga um meðferð sakamála nr. 88/2008.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 65. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til 30. júní 2014.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 22. maí 2013.

F. h. r.

Halldór Runólfsson.

Rebekka Hilmarsdóttir.